

Samþykkt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1.gr.

Umhverfis- og skipulagsráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, skipulagslögum nr. 123/2011, sbr. 6. gr. laganna, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð skal móta stefnu í umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og samgöngumálum. Ráðið skal taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs um mál sem varða verksvið þess.

Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri umhverfis- og skipulagssviðs og að samþykktum og stefnumörkun þess sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Umhverfis- og skipulagssvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

3. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð fer með verkefni skipulagsnefnda skv. skipulagslögum, eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Ráðið fer einnig með verkefni náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. einnig reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973, með síðari breytingum. Þá fer umhverfis- og skipulagsráð með málefni Vinnuskóla Reykjavíkur og Bílastæðasjóðs.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur umhverfis- og skipulagsráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

A. Á sviði skipulagsmála:

1. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði skipulagsmála, þ.m.t. vegna umhverfismats áætlana.
2. Hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til borgarráðs um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim, þ.m.t. varðandi skipulag umferðar.
3. Afgreiðir leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum og lóðarmörkum skv. 48. gr. skipulagslaga.
4. Veitir menningar- og ferðamálaráði umsagnir um mál er varða húsafriðun skv. ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt getur ráðið gert tillögur til menningar- og ferðamálaráðs um að gera umsagnir um hverfisskipulags- og deiliskipulagstillögur á svæðum sem lúta borgarvernd samkvæmt aðalskiplagi Reykjavíkur og eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.
5. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárveitingar úr húsverndarsjóði skv. reglum borgarráðs þar um.
6. Veitir menningar- og ferðamálaráði umsagnir um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri.
7. Þá getur ráðið óskað eftir að fá til umsagnar byggingarleyfisumsóknir sem byggingarfulltrúa berast.

B. Á sviði umhverfis- og náttúruverndar:

1. Gerir tillögu til borgarráðs um umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á gerð umhverfisáætlunar.
2. Er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu hvað snertir fólkvanga sem hún á hlutdeild að, enda sé það ekki falið öðrum aðilum í einstökum tilfellum.
3. Fylgist með framkvæmd búfjárefnirlits skv. lögum um búfjárhald nr. 103/2002 og gerir tillögu til borgarráðs að samþykkt um búfjárhald. Hefur umsjón með afréttum og beitarlöndum.
4. Stuðlar eftir megni að fegrun borgarinnar og snyrtilegri umgengni.
5. Fylgist með framkvæmdum og umhirðu á útivistar- og grænum svæðum í borginni.

C. Á sviði heilbrigðis- og hollustuhátta:

1. Mótar stefnu í úrgangsmálum, þ.m.t. sorphirðu.
2. Vinnur að fræðslu um hollustuhætti og umhverfismál.

D. Á sviði samgangna og umferðarmála:

1. Vinnur að gerð samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og gerir tillögur um forgangsöröðun framkvæmda á sviði samgöngumála.
2. Mótar stefnu í umferðaröryggismálum, sem hluta af samgöngustefnu, fjallar um aðgerðir til að auka umferðaröryggi.
3. Vinnur að umferðarfræðslu skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
4. Mótar stefnu á sviði almenningssamgangna m.a. með því að gera tillögur um breytingar á leiðakerfi Strætó bs.
5. „Mótar stefnu í bílastæðamálum í Reykjavík og gerir tillögur til borgarráðs um forgangsöröðun á því sviði. Fer með málefni Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar og gerir tillögur til borgarráðs um gjaldskrá sjóðsins.“

E. Á sviði Vinnuskóla Reykjavíkurborgar:

1. Er stefnumótandi um starfsemi Vinnuskólans og vinna að þeim megin tilgangi skólans að skapa hollt uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglinga í Reykjavík og bjóða nemendum fjölbreytt vinnubrögð og fræðslu.
2. Gera tillögur til borgarráðs um launagreiðslur til nemenda Vinnuskólans.
3. Vinnur að samstarfsverkefnum við skóla- og frístundaráð.

F. Á sviði framkvæmda

1. Gerir tillögur til skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar um forgangsöröðun framkvæmda á vegum borgarinnar í málum á verksviði sviðsins.
 2. Vinnur að þróun þeirra krafna, sem gerðar eru til framkvæmda og mannvirkjagerðar á vegum borgarinnar.
 3. Gerir tillögur til borgarráðs að framkvæmdum á samgöngukerfi borgarinnar að teknu tilliti til forgangsöröðunar og fjárveitinga.
 4. Fylgist með skráningu og tíðni slysa og óhappa í umferðinni og forgangsraðar framkvæmdum innan umferðaröryggisáætlunar.
 5. Gerir tillögur til lögreglustjóra eða leitar samþykkis hans varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar yfirvalda, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 12. gr.
- Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs s.s.:

1. Heildarstefnukort
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Mannréttindastefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Umhverfisstefnu – Reykjavík í mótun
8. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
9. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
10. Stefnu í erlendum samskiptum
11. Siðareglum
12. Leikreglum með fjárhagsáætlun
13. Leikvallastefnu
14. Hjólreiðaáætlun
15. Samgöngustefnu
16. Umferðaröryggisáætlun
17. Ferðamálastefnu
18. Menningarstefnu
19. Forvarnarstefnu

Jafnframt fylgir umhverfis- og skipulagsráð eftirfarandi samþykktum:

1. Aðalskipulagi Reykjavíkur
2. Staðardagskrá 21 – umhverfisáætlun fyrir Reykjavíkurborg.
3. Samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.
4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.
5. Samþykkt um skipulag og framkvæmdir í Elliðaárdal.
6. Reglum um Húsverndarsjóð Reykjavíkur.
7. Samþykkt um fráveitu í Reykjavík

Skipan

5. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða fyrsti varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Umhverfis- og skipulagsráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í

málaflokknum.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð heldur að jafnaði fjóra fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu skipulagsfulltrúi, skrifstofustjóri sviðsins eða fulltrúar þeirra ásamt sviðsstjóra menningar- og ferðamálaráðs sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, eftir þörfum. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Ráðið skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum ásamt afgreiðslufundargerð byggingarfulltrúa sem lögð er fram á fundi ráðsins. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Skrifstofa sviðsstjóra sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra ber ábyrgð á fundarritun.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundis samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Umhverfis- og skipulagsráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangs röðun ráðsins. Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Borgarráð ræður einnig skipulags- og byggingarfulltrúa að fenginni tillögu sviðsstjóra. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ræður í aðrar stjórnunarstöður á umhverfis- og skipulagssviði.

Fullnaðarafgreiðslur

12. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni skv. skipulagslögum samkvæmt heimild í 42 gr. sveitarstjórnarlaga og samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013.

Málsmeðferð

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðunar skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju. Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, 27. gr. stjórnsýslulaga og 49. gr. 1. nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar frá 18. desember 2012, og samþykkt fyrir bílastæðanefnd frá 10. júlí 2014.

Samþykkt í borgarstjórn
XXXXXXX 2016.